

Djúpivogur - Verndarsvæði við voginn

Tillaga að breytingu



GILDANDI AFMÖRKUN VERNDARSVÆÐIS 1:5.000



TILLAGA AF BREYTTI AFMÖRKUN VERNDARSVÆÐIS 1:5.000

Almennt

Um er að ræða endurmat á verndarsvæðinu við voginn, sem staðfest var 15. október 2017, samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Breyting er gerð á afmörkun verndarsvæðisins og skilmálum. Breytingin felur í sér að afmörkun verndarsvæðisins er minnkuð þannig að þrjú íbúðarhús, Djúpavogskirkja (gamla kirkjan) og lóðir þeirra falla út af verndaráætluninni.

Forsendur

Eigendur þriggja íbúðarhúsa hafa óskað eftir því að húseign þeirra verði felld út úr verndarsvæðinu við voginn þar sem þeir telja að brotalöm hafi átt sér stað við kynningu og samráð í upphafi. Þá hefur Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings fjallað um málið og ákveðið að endurmeta verndarsvæðið við voginn sem felur í sér breytingu á afmörkun verndarsvæðisins. Breytingin gerir ráð fyrir að felld verði út fjögur hús og lóðir þeirra á svæðinu sunnan vogsins. Í verndaráætluninni er svæðið sunnan vogsins skráð með lágt verndargildi. Í fyrsta lagi er það Hammersminni 2 sem er skráð með lágt verndargildi. Í öðru lagi eru það Steinar 1 og 3 sem skráð eru með hátt verndargildi en eru jafnframt innan hverfisverndarsvæðis Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008-2020. Því er talið að hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi séu fullnægjandi til þess að varðveita heildarásynd þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum. Að lokum er það Djúpavogskirkja (gamla kirkjan) sem skráð er með hátt verndargildi. Þá hefur gamla kirkjan verið friðlýst með sérstakri ákvörðun og er hún einnig innan hverfisverndarsvæðis í aðalskipulagi. Því er talið að um sé að ræða fullnægjandi vernd á umhverfi og heildarsvip byggingar.

Breytingar á skilmálum verndarsvæðis í byggð

Lagðar eru til breytingar á köflum: Afmörkun verndarsvæðis og Skilmálar.

Afmörkun verndarsvæðis

Gildandi skilmálar

Verndarsvæðið er 7,5 ha landspilda og myndar megin kjarnann í miðsvæði kaupþúsins, sem nýtur hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Um er að ræða 60-150 m breiða skák, sem fylgir fjöruborði við voginn og liggur meðfram austurströnd hans utan frá Brandsvík og suður á norðurenda Brennikletts, þaðan til suðvesturs og inn fyrir samfastan kletthrygg (Hlíðarhús- og Hlíðarendakletta) og gömlu Djúpavogskirkju, en síðan til norðurs meðfram götunni Búlandi og út fyrir hin aldagömlu verslunarhús á vesturströnd vogsins. Afmörkun verndarsvæðis á sér sterka vísun í Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 og miðast að miklu leyti við afmörkun miðsvæðis og hverfisverndar á fyrrnefndu svæði.

Tillaga að breyttum skilmálum

Verndarsvæðið er 6,9 ha landspilda og myndar megin kjarnann í miðsvæði kaupþúsins, sem nýtur hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Um er að ræða 60-150 m breiða skák, sem fylgir fjöruborði við voginn og liggur meðfram austurströnd hans utan frá Brandsvík og suður á norðurenda Brennikletts, þaðan að götunni Búlandi og út fyrir hin aldagömlu verslunarhús á vesturströnd vogsins. Afmörkun verndarsvæðis á sér vísun í Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 og miðast að töluverðu leyti við afmörkun miðsvæðis og hverfisverndar á fyrrnefndu svæði.

Skilmálar

Gildandi skilmálar

	Svæði / hús	Varðveislugildi	Skilmálar
2.1.1	Djúpavogskirkja gamla - Steinar 1A	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> Endurgerð byggingarinnar skal í öllum meginatriðum fylgja þeim tillögum sem lagðar hafa verið fram og unnið hefur verið eftir. Að endurgerð lokinni eru breytingar á útliti byggingarinnar óheimilar. Heimilt er að breyta umhverfi byggingarinnar en þó aðeins ef slíkt samræmist heildarsvipmóti þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum og er til þess fallið að styrkja sögulega skírskotun.
2.1.2	Presthúsið - Steinar 1	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> Allar endurbætur á byggingunni skulu miða að því að styrkja sögulegt svipmót þess og heildarásynd þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum. Heimilt er að breyta umhverfi byggingarinnar og skulu þær breytingar miða að því að styrkja sögulegt svipmót og ásynd þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum.
2.1.3	Dalir - Steinar 3	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> Allar endurbætur á byggingunni skulu miða að því að styrkja sögulegt svipmót þess og heildarásynd þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum. Heimilt er að breyta umhverfi byggingarinnar og skal leitast við í þeim efnum að styrkja svipmót og ásynd þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum.
2.5.2	Hammersminni 2 - Bjarg	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> Breytingar og/eða endurbætur á húsinu skulu miða að því að viðhalda sögulegum tengslum, t.d. hvað staðsetningu, stærð, hlutföll og mælikvarða varðar.

Tillaga að breyttum skilmálum

Umfjöllun um Djúpavogskirkju gömlu – Steinar 1A, Presthúsið – Steinar 1, Dalir – Steinar 3 og Hammersminni 2 – Bjarg í Skilmálakafli er felld út.

Breytingar á afmörkun verndarsvæðis í byggð

Suður og suðvestur hluti afmörkunar verndarsvæðisins er felld út þ.e.a.s. svæði umhverfis gömlu Djúpavogskirkju, Steinar 1, Steinar 3 og Hammersminni 2. Heildarstærð verndarsvæðisins fer úr 7,5 ha niður í 6,9 ha.

SAMÞYKKTIR

Breyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 4. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015, var samþykkt í Umhverfis- og framkvæmdaráði þann _____ og í sveitarstjórn þann _____

f.h. Múlaþings

Breytingin öðlast gildi með auglýsingu í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____



Djúpivogur - Verndarsvæðið við voginn
Múlaþing
Verndarsvæði í byggð

VERK: 8776 - 103647
BLAÐSTÆRD: A3
UNNIÐ: JJ/AKS
RÝNT: KDG

MÆLIKVARÐI: 1:5.000
DAGS: 06.10.2023
DAGS.BREYT: 07.02.2024

SAMÞYKKT: